

67. fundur háskólaráðs Háskólans á Hólum, 25. mars, 2020, kl. 13:00-14:15 í fjarfundi.

Mættir voru Erla Björk Örnólfsdóttir, Jón Eðvald Friðriksson, Sveinn Margeirsson, Stefán Óli Steingrímsson, Laufey Skúladóttir og Ingibjörg Sigurðardóttir sem ritar fundargerð.

1. Starf háskólans á tímum takmörkunar á skólastarfi.

Erla Björk sagði frá stöðu mála innan háskólans í ljósi aðgerða til að hefta útbreiðslu covit-19 veirunnar.

Áætlanir gera ráð fyrir að skólahald með hefðbundnu sniði hefjist aftur eftir páska komi ekki fyrirmæli frá yfirvöldum um annað. Kennsla þessa dagana reynir mest á hestafræðideildina. Aðrar deildir eru vanari fjarkennsluumhverfinu en ýmsar breytingar hefur þó þurft að gera í öllum deildum. Nær allir starfsmenn skólans vinna heima hjá sér. Þessar aðstæður reyna mikið á starfsfólk og nemendur. Aðdáunarvert er hvað fólk hefur sýnt mikinn samtakamátt við að leysa málin og finna lausnir.

2. Námsmat við Háskólann á Hólum vorið 2020.

Nokkur umræða varð um málið. Áhersla var lögð á að stuðlað verði að því að nemendur sem stefna á að ljúka námi í vor geti gert það. Jafnframt verði stutt við aðra nemendur til að tryggja framvindu þeirra í námi. Vegna fyrrgreindra aðstæðna er ljóst að ekki verður hægt að framkvæma allt námsmat við skólann með þeim hætti sem ætlað var í upphafi annar. Á tímum takmörkunar á skólastarfi vegna farsóttar, samþykkir háskólaráð Háskólans á Hólum eftirfarandi:

*Í kjölfar ákvörðunar um takmörkun á skólahaldi, hafa skapast fordæmalausar aðstæður háskólanema til náms. Í ljósi þess, gerir háskólaráð Háskólans á Hólum ekki athugasemdir við að deildir háskólans breyti áður kynntu námsmati í námskeiðslýsingum og kennsluáætlunum námskeiða á vormisseri 2020, að höfðu samráði við kennslusvið. Háskólaráð vill með þessu styðja nemendur og starfsmenn skólans í þeirri vegferð að efla námsumhverfi nemenda og stuðla að raunhæfum möguleikum þeirra til að ljúka námi á fyrirhuguðum tíma.*

Erla Björk kynnir þessa yfirlýsingu háskólaráðs fyrir starfsmönnum, nemendum og sér til að málið verði kynnt á vef skólans.

3. Námsskrá.

Háskólaráð þarf að samþykkja námsskrá Háskólans á Hólum.

Nokkrar ábendingar komu fram. Lagt var til að háskólaráð rýni nánar í námskrána. Sérstaklega var mælt til að háskólaráð skoðaði þær námsleiðir sem eru nýjar í námsskrá. Það eru Marbio (Fiskeldis- og fiskalíffræðideild) og NoFri (Ferðamáladeild) sem eru alþjóðlegar námsgráður á meistarastigi. Einnig kom fram að endurskoðuð námskrá fyrir BS í reiðmennsku og reiðkennslu hefur ekki hlotið umfjöllun háskólaráðs og því verði sú námskrá einnig skoðuð sérstaklega.

4. Önnur mál.

Erla fór stuttlega yfir rekstraráætlun ársins og stöðuna í dag.

Í tengslum við rekstraráætlun kom fram ábending um að skoða möguleika á að kaupa innlenda framleiðslu þar sem það er hægt. Með því er stutt við innlenda atvinnuuppbyggingu

og fjárhag skólans, í ljósi þróunar á gengi krónunnar. En ætla má að innflutt aðföng hækki í verði. Á þetta m.a. við um stóra kostnaðarliði eins og undirburð.

Laufey Skúladóttir og Erla Björk fóru nýverið á fund í Menntamálaráðuneytinu. Í kjölfarið var Erla beðin um lista yfir húsnæði skólans sem þarfnast viðhalds. Listi hefur verið sendur ráðneyti menntamála. Halda þarf áfram með þessa vinnu.

Erla ræddi jákvæða niðurstöðu skýrslu ytri úttektarnefndar um gæði skólastarfs við Háskólann á Hólum og mikilvægi þess að nýta þessar niðurstöður í starfi skólans á komandi misserum.

Einnig sagði Erla frá því að við skólinn er nú með „mannauðsstjóra að láni“ í 50% starfi og mun mannauðsstjóri taka viðtöl við alla starfsmenn skólans á komandi vikum. Það verður gert í gegnum fjarfundi í ljósi aðstæðna.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.